




Skjal sótt af '00000000000' dags: 24.03 2026

Starfsáætlun 2022

26.janúar 2022

Margrét Sigurgeirsdóttir

AUÐGA OG SKEMMTA

- Hvetja til lærdóms
- Bókasafnið er öllum aðgengilegt
- Góður staður, heimili að heiman, gott að heimsækja, dvelja og vinna á
- Hafa viðburði og fræðslu fyrir alla aldurshópa
- Eykur gæði
- Auka aðgengi almennings til að halda eigin viðburði, fræðslu og eða klúbba
- Auka skólaheimsóknir með því að bjóða fjölbreytta viðburði og fræðslu og vera í samstarfi
- Stuðla að lestri og læsi á hvaða miðil sem er (tækni-, upplýsinga, vísinda, myndlæsi o.s.frv.)

UPPLÝSA OG HVETJA

- Gera þjónustu bókasafnsins öllum kunn
- Styðja við almenning og láta vita hvað bókasafnið hefur upp á að bjóða
- Styðja við þróun í samfélaginu og vinna með stofnunum, fyrirtækjum og einstaklingum
- Bókasafnið er staður til að læra, fyrir sköpun og nýjungar
- Sameina og stuðla að samstarfi og nýjungum (e. Design thinking)
- Opið samfélagsrými / aðstaða fyrir sjálfsprottna viðburði: Safnið er opið fyrir uppákomum, klúbbum stýrðum af utanaðkomandi, aðstoða og markaðssetja ef þess þarf
- Ný vefsíða – gagnvirk

MANNAUÐUR

- Viðeigandi menntun og reynsla
- Starfsmenn sækja sí- og endurmenntun, fylgist með nýjungum og þrói þekkingu
- Starfsmannafundur einu sinni í mánuði, miðlun upplýsinga á innrífef, Facebook og með tölvupósti
- Starfsmenn taki fullan þátt í mótun safnsins
- Starfsmenn sýni frumkvæði og sjálfstæði – sjálfvirkni og taki að sér ný verkefni – tileinki sér hönnunarhugsun (e. Design thinking)
- Starfsmönnum líði vel í vinnunni
- Fartölvur í stað borðtölva
- Lokuð forstöðumannaskrifstofa
- Aukið samstarf við aðrar menningarstofnanir og skóla bæjarins
- Noti vel tíma þegar ekki merktur á vakt og nr. tvö á vakt – vinni föst verkefni og sérverkefni

HÚSNÆÐI OG BÚNAÐUR

- Laga afgreiðslusvæði á Garðatorgi – sjálfsafgreiðsla í aðalhlutverki
- Rokjárn á glugga á 1.hæð - opnanlegt fag á 2.hæð
- Mála sýningarrými á 1.hæð Garðatorgi

- Bæta og laga lýsingu á sýningarsvæði, afgreiðslu, skáldsögu- og barnasvæði
- Flytja Álfthanessafn í nýtt húsnæði með nýjan búnað
- Opna Urriðaholtssafn í varanlegu húsnæði og fá það á fjárhagsáætlun 2022

FJÁRMÁL

- Fjárhagsáætlun endurspeglar fjárförf vegna reksturs almenningsbókasafns í stækkandi bæ og komi til móts við innkaupaförf á vöru, búnaði og þjónustu
- Innan fjárhagsáætlunar
- Hagkvæmur rekstur

Fjárhagsáætlun	2022
Gjöld	104.501.087
Tekjur	- 2.313.600
Rekstrarframlag	
Garðabæjar	102.187.487
Skipting liða	
Laun	59.264.322
Vörukaup	14.101.235
Þjónustukaup - utan	3.382.000
Þjónustukaup - tryggingar, hús og tölvud.	30.067.130
Tekjur	- 2.313.600
Samtals	104.501.087

Leiðarljós og markmið

Bókasafn Garðabæjar er menningar-, upplýsinga- og þjónustusetur sem starfar samkvæmt gildandi lögum um bókasöfn. Það hefur að leiðarljósi að veita Garðabæingum þjónustu sem stendur jafnfætis þjónustu bestu almenningsbókasafna landsins hvað varðar þróun, búnað, aðstöðu, fræðslu, viðburði og aðgengi að upplýsingum. Bókasafnið er opinn vettvangur þar sem fólki líður vel, heimili að heiman, þriðji staðurinn.

Að veita bæði börnum og fullorðnum, aðgang að fjölbreyttum bókakosti og rafrænum miðlum til fræðslu og afþreyingar

Að heimsóknir í bókasafnið verði hluti af daglegu lífi bæjarbúa

Að heimsóknir í bókasafnið séu hluti af menningaruppeldi barna og unglunga

Að hvetja bæjarbúa, ekki síst börn, til lesturs og foreldra til að lesa fyrir börn sín frá unga aldri

Að styðja við menningarlíf í Garðabæ og safna og varðveita gögn um sögu Garðabæjar

Að hafa á að skipa hæfu og ánægðu starfsfólki sem sinnir störfum sínum af alúð

Að fara vel með fjármuni

Stuðst er við ýmiskonar tölfraði við rekstur safnsins, sjá lykiltölur í töflu 2

Þjónusta

Safnið mun halda áfram að bjóða upp á viðburði, fræðslu, klúbba og kappkosta að sinna áfram því hlutverki sínu að hvetja bæði börn og fullorðna til lesturs. Það þarf að kenna börnum að langa til að

lesa bækur. Framtíð og fjölbreytni bókaútgáfu byggir á bókmenntauppleði. Góð tök á lestri skiptir miklu fyrir velferð einstaklinga í námi og starfi.

Við viljum halda áfram að leggja áherslu á yndislestur og önnur verkefni sem tengjast lestrarhvatningu. Meira samstarf við skóla og stofnanir Garðabæjar. Lesstofan á 2. hæð er öllum opin til grúskis og er lifandi svæði. Auk þess verður boðið upp á viðburði sem fara fram á 1. og 2. hæð aðalsafns á Garðatorgi 7, í útibúinu Álfthanessafni og Sveinatungu. Bókasafnið er líka staður til að hittast á, enda kemur fjöldi fólks daglega í safnið stundum bara til að hitta annað fólk og spjalla, fá kaffisopa og lesa dagblöðin. Boðið verður aftur upp á kaffi um leið og takmörkunum vegna Covid verður aflétt. Nýta vel torgið fyrir framan aðalsafn. Gera bókasafnið mjög sýnilegt þar og laða að gesti og auki skólaheimsóknir barna og ungmenna í Garðabæ. Svítan er og verður nýtt fyrir móttökur, fræðslu og viðburði af ýmsum toga. Skákfélag Garðabæjar er með æfingar í Svítunni tvisvar í viku, mánudaga og miðvikudaga.

Lestrar- og læsishvetjandi verkefni fyrir börn og fullorðna

- Fastar sögustundir og safnkynningar fyrir leik- og grunnskólabörn – einnig eftir pöntunum
- Viðburðir og klúbbar sem ýta undir allskonar læsi
- Reynt verður með ýmsum hætti að vekja athygli á bókum yngri og eldri höfunda og draga fram safnefni sem ef til vill hefur fallið í gleymsku s. s. höfundur mánaðarins og þýðandi mánaðarins. Fá höfunda til að lesa upp úr nýjum bókum
- Athygli verður vakin á nýju og spennandi safnefni með því að stilla því upp í sérstakar uppstillingarhillur á áberandi stað í anddyri bókasafnsins
- Bókaval barnanna þar sem börn á grunnskólaaldri velja bestu (vinsælustu) bækur hvers árs
- Laugardagar eru fjölskyldudagar í bókasafninu. Þá er m. a. boðið upp á sögustund, leiklestur og föndurhorn á opnunartíma safnsins (15.ágúst-31.mái). Í það minnsta þrjá laugardag í mánuði bjóðum við upp á viðburð eins og upplestur og smíðjur. Stefnt verði að opna bókasafnið á laugardögum eftir verslunarmannahelgi
- Lesum saman er einu sinni í mánuði á Álfthanessafni yfir vetrartímann
- Klassíski leshringurinn - hittist hálfs mánaðarlega
- Lauflétti leshringurinn er einu sinni í mánuði á aðalsafni
- Sumarlesturinn er í júní, júlí og ágúst. Start sumarlesturs og lokahátíð sumarlesturs fara fram með viðburði í aðalsafni
- Smíðjur og leikir yfir sumartímann í tengslum við sumarlestur í hverri viku
- Listasýningar með nýjum listamanni í hverjum mánuði

Viðburðir 2022

Bókasafnið býður upp á allskonar viðburði, skemmtun og fræðslu yfir árið. Sumir eru búnir að festa sig í sessi og eru reglulegir og aðrir eru viðbót. Við höldum áfram að bjóða upp á , viðburði, smíðjur og sjálfstæða klúbba og/eða viðburði á vegum gesta. Viðburðir eru margir og fjölbreyttir og má sjá þá á vef bókasafnsins undir dagatal (bokasafn.gardabaer.is). Starfsmenn sjá viðburðaskipulagið af innri vef bókasafnsins. Viðburðadagatal er gefið út með fyrirvara um ófyrirséðar breytingar. Yfir

vetrartímann eru fastir liðir eins og sögur og söngur fyrir 2 til 6 ár fyrsta laugardag í mánuði, anna laugardag í mánuði Lesið fyrir hund, þriðja laugardag í mánuði smiðja í tengslum við Hofsstæði, síðasta laugardag í mánuði er föndur og síðasta þriðjudag í mánuði fræðsla fyrir fullorðna. Þrjónaklúbburinn Garðaprjón var stofnaður árið 2019 og verður áfram boðið upp á hann og reynt að finna nýja nálgun t.d. með kennslu.

Allur kostnaður við viðburði t.d. vegna sumarlesturs, safnanætur, sögustunda, upplestra og kynningar á nýjum bókum og aðkeyptra tónlistaratriða er fjármagnað af lið 4915 kynningar og viðburðir og var áætlun síðasta árs kr. 85.000.- og erum með á áætlun fyrir árið 2022 kr.1.320.000.- Bókasafnið hefur reynt að hækka þann lið til að vera í takt við önnur bókasöfn. En öfugt núna er gríðarleg lækkun á þessum lið á milli ára og því óvíst að verði hægt að bjóða upp á fræðslu og aðra viðburði.

Safnið hefur möguleika að leita styrkja til Menningar- og safnanefndar Garðabæjar fyrir sérstaka viðburði og hefur nefndin styrkt eitt atriði á safnanótt hverju sinni. Því getur safnið boðið upp á stórt tónlistartengt atriði á því kvöldi. Stefnt er að hafa bókasafnið sýnilegt á samfélagsmiðlum á vef á safnanótt að þessu sinni en enga viðburði á staðnum.

Verkefni

Árleg grisjun og afskriftir óvirkra gagna. Það þarf alltaf að rýma fyrir nýjum gögnum/bókum. Koma öllu geymsluefni upp á aðra hæð og selja þéttiskápa niðri. Flytja þangað niður ljóð, bókmenntir og íslenskar fornsögur ásamt ungmennahorninu. Árið 2022 verður áhersla á sjálfvirkni lánþega með sjálfsafgreiðslu og bættum vef. Urriðaholtssafn verður opnað og þar verður strax sjálfsafgreiðsluvél og munu notendur strax venjast á sjálfsafgreiðslu safngagna. Það þarf að koma fyrir töggum fyrir í öllum gögnum til að geta virkjað á sem bestan hátt sjálfsafgreiðslu. Ef gagn lánast ekki út á Garðatorgi fer öryggishlið í gang.

Gengi margra verkefna helgast af hversu mikið fé safnið fær til umráða, sjá töflu 1. Starfsfólk mun halda áfram að kenna gestum safnsins á sjálfsafgreiðsluvél. Mikilvægt að fá fjármagn til að setja tögg í gögnin og þar með einfalda afgreiðslu og varna því að gögn fara af safni án þess að fara í útlán fyrst.

Einnig mun starfsfólk tileinka sér nýja starfshætti. Móttökur, viðburðastjórnun, útbúa allskonar upplifun á safninu, vera sýnilegur út á gólfi og gagnastýring er helstu verkefni starfsfólks bókasafns. Stefnt verður að endurmenntun á sviði upplýsingatækni, eins og læra að prenta úr vínýlprentara og þrívíddarprentara til að geta svo miðlað til gesta.

Tafla 1 Bókasafn Garðabæjar, verkefnalisti. Garðatorgi, Álfanesi og Urriðaholti

Verkefnalisti Bókasafns Garðabæjar árið 2022				
Upphaf	Verkefni	Hvernig	Ábyrgð	Lok
1.feb.22	Ársskýrsla 2021	Margrét tekur saman árið og fær skýrslur frá verkefnastjórum	MS	15.mar.22
15.jan.22	Skipulag skólaheimsókna vor	Ákveða hvaða bekkir og hvað á að bjóða upp á, barnamenningarhátíð	RPM, DSJ, MS	31.jan.22
15.maí.22	Skipulag skólaheimsókna haust	Ákveða hvaða bekkir og hvað á að bjóða upp á, forvarnavika	RPM, DSJ, MS	31.ágú.22
15.jan.22	Grisjun eftir núlllista	Núllistar keyrðir úr Gegni og gögn afskrifuð	MBS, SJS og HI	30.jún.22
2.jan.22	Innkaupa- og grisjunarstefna endurskoðuð	Forstöðumaður hefur samráð við verkefnastjóra bókasafnsins. Finna út hvar áhugi lesenda bókasafnsins liggur og hvaða gögn lánast mest og ekkert	MS	30.maí.22
2.jan.20	Frátektahilla við sjálfsafgreiðslu	Kaupa hillu sem stendur við sjálfsafgreiðslur þannig að lánþegi getur sótt sjálfur gagnið og tekið að láni. Þjónustufulltrúar safnsins fara fyrir þessu með verkefnastjóra	HI	28.feb.22
1.jan.22	Merkja hillur	Verkefnastjóri afgreiðslu fer árlega yfir hillumerkingar á bókasafni og bætir úr þar sem vantar	HI	31.des.22
1.jan.22	Viðburðir sumarsins	Skipuleggja föstudagssmiðjur sem sumarfólk getur framkvæmt með fastastarfsfólki. Byr til handrit og hefur efni til. - 2 til 4 aðkeyptar smiðjur	RPM	15.maí.22
1.jan.22	Viðburðir haustsins	Viðburðastjóri fyllir á fasta viðburði. Vinnur með starfsfólki bókasafns að hugmyndum. Einnig koma hugmyndir frá Menningarfulltrúa og gestum bókasafnsins.	DSJ, RPM og MS	20.ágú.22
1.feb.19	Koma upp búningakistu fyrir krakka	Kaupa búninga og plastbox	RPM	30.sep.22
4.jan.	Kaupa inn barna- og unglíngabækur fyrir Bókasafn Garðabæjar, Urriðaholtssafn og koma í notkun	Til þess þar aukinn fjárframlög í bókakaupa bókasafnsins.	MS	30.des.22
	Opna Urriðaholtssafn	Bæjaryfirvöld í Garðabæ þurfa að samþykkja fjármagn fyrir rekstri safnsins	MS	Árið 2022
15.mar.21	Átak að fá sjálfstæða viðburði/klúbba á bókasafnið	Viðburðastjóri leiðir átak að fá Garðbæinga og aðra áhugasama bókasafngesti til að hafa eigin viðburði og klúbba á safninu. Bókasafnið sér um markaðsefni.	DSJ og MBS	-
1.jún.22	Þrif - bækur, hillur, borð, gluggar, stólar	Sumarstarfsfólk þrífur bókasafnið hátt og lágt undir stjórn fastra starfsmanna hverju sinni	MS	30.júl.22
1.nóv.22	Starfsáætlun 2023	Forstöðumaður heldur starfsmannafundi og vinnufundi með starfsfólki um starfsemina framundan. Kortleggur og setur fram í starfsáætlun.	MS	15.jan.23
15.jan.19	Rafræntímaritaáskrift, fastur skjár		MS	15.maí.23

15.feb.21	Vefur - gagnvirkur	Nýr bókasafnsvefur - gagnvirkur, notandi greiðir skuldir, fer inn á mínar síður o.fl.	MS	31.des.22
1.sep.22	Viðburðir, vor 2023	Viðburðastjóri fyllir á fasta viðburði. Vinnur með starfsfólki bókasafns að hugmyndum. Verkefnastjóri barna- og ungmennastarfs vinnur hugmyndir sem snýr að þeim aldurshópi. Einnig koma hugmyndir frá menningarfulltrúa og gestum bókasafnsins.	DSJ, RPM og MS	1.des.22
1.mar.21	Notendatölvuskjár	Vefur, mínar síður, leitir.is, Rafbókasafnið, leitir.is BG	MS, SJS	30.des.21
2.apr.21	Maker Space	Á annarri hæð, þrívíddarprentari, vínyskeri á hjólaborði. Leiðsögn 2svar í viku á milli kl. 13 og 15	MS	30.des.22
2.apr.21	Nýtt afgreiðsluborð	Afgreiðsla með einni tölvu og rfid vinnustöð. Koma fyrir minni aðstöðu fyrir upplýsingar og til stuðning við þjónustuborð	MS	30.des.22
15.jan.18	Gagnvirkur fastur leikjaskjár fyrir krakka	Sérverkefni sem þar að vinna með menningar- og safnanefnd. Sækja um styrk og vinna hugmyndir með starfsfólki og gestum.	MS	15.des.23

Verkefnalisti Álfthanessafns 2022				
Upphaf	Verkefni	Hvernig	Ábyrgð	Lok
2.jan.22	Ársskýrsla 2021 - Álfthanessafn	Útibússtjóri skráir niður það helsta	SJS	15.feb.22
8.jan.22	Grisjun eftir núlllista -allar bækur og tímarit	Sigríður og skólabókasafnsfræðingur fara yfir einu sinni á ári	SJS	31.ágú.22
1.júl.22	Þrifa safnefni	Sumarfólk	SJS	31.ágú.22
1.jan.22	Viðburðahald	Skipuleggja viðburði fyrir börn og fjölskylduna	SJS	30.sep.22

Verkefnalisti Urriðaholtssafns 2022				
Upphaf	Verkefni	Hvernig	Ábyrgð	Lok
2.jan.22	Ársskýrsla 2021 - Urriðaholtssafns	Útibússtjóri skráir niður það helsta	MS	15.feb.22
8.jan.22	Innheimta gagna og birgðatalning	Einstakt verkefni, þarf að fara yfir og skrá vöntunar- og vanskilalista	NN	31.ágú.22
1.apr.22	Opnun skólahluta	Útibússtjóri	MS	31.ágú.22
1.apr.22	Opnun almenningshluta	Útibússtjóri	MS	30.sep.22
	Viðburðahald	Skipuleggja viðburði fyrir börn og fjölskylduna	NN	30.sep.22

Tafla 2 Lykiltölur

Lykiltölur - spágildi	2022
Gestafjöldi	87.750
Fjöldi heimsókna á heimasíðu	10.000
Fjöldi uppflættinga á heimasíðu	15.000
Safnkostur	58.000
Safnkostur á íbúa	3,0
Heimsókn á íbúa	4,5
Velta safnkosts - útlán á eintak	1,5
Velta safnkosts - bækur útlán á eintak	1,4
Velta safnkosts – tímarit útlán á eintak	0,8
Afgreiðslustundir á viku	72
Afgreiðslustundir á ári	3.700
Heildarhúsnæði í fermetrum	990
Útlán	87.000
Útlán á íbúa	4,5
Fjöldi viðburða	150
Skipulagðar heimsóknir barna og unglinga	2.000
Fjöldi gesta á viðburði	5.800